

GJALDSKRÁ

fyrir Hirðu, móttöku- og flokkunarstöð úrgangs í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Innheimt verður fyrir móttöku úrgangs sem hér segir:

Almenningur greiðir einungis fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á t.d. við um: Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða, s.s. timbur, grófur og blandaður úrgangur.

Lögaðilar skulu ávallt greiða fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

Stærð farms:	0,25 (1/4) m ³	0,50 (1/2) m ³	0,75 (3/4) m ³	1 m ³
Gjald:	1.245 kr.	2.470 kr.	3.700 kr.	4.900 kr.

Tekið er við spilliefnun án endurgjalds

Starfsmaður Hirðu metur magn úrgangs og skrifar nótum á staðnum, þar sem hann og komuaðili kvitta báðir fyrir magn og gerð úrgangs.

2. gr.

Úrgangur án gjaldaður án aðskotahluta.

Fyrirtæki og almenningur getur skilað öllu endurvinnsluefni til Hirðu gjaldfrítt.

Eigi almenningur ekki kost á að koma á opnunartíma er hægt að skila eftirtöldum úrgangi í lúgur á girðingu Hirðu:

- a. *Pappír og pappi*; s.s. dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, skrifstofupappír, umslög, fernur, morgunkornspakkar, kartonpappír, hólkar innan úr salernispappír, eggjabakkar úr pappa o.fl.
- b. *Bylgjupappi*; pappakassar, pizzakassar o.fl.
- c. *Plast*; sjampóbrúsar, tómatsósubrúsar, skyrdósir, plastbakkar undan matvælum, plastfilma, plastpokar ýmis konar, t.d. utan af brauði, o.fl.
- d. *Málmar*; niðursuðdósir, álpappír, álbox af sprittkertum o.fl.
- e. *Gler og keramik*; smærri hlutir, s.s. blómapottar, ýmis gler o.fl.
- f. *Smá raftæki og rafeindataekj*; s.s. brauðristar, hárblásarar, útvörp, símar o.fl.

Úrgangur skal vera án aðskotahluta og skola og hreinsa þarf burt allar efnaleifar áður en skilað er í lúgur. Áríðandi er að minnka ummál umbúða með því að brjóta saman fernur, öskjur og kassa.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 8. nóvember 2018 samkvæmt ákvæðum samþykktar um meðhöndlun úrgangs í sveitarféluginu Húnaþingi vestra nr. 633/2012 og skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

4. gr.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2019. Jafnframt er felld brott gjaldskrá sama efnis nr. 1111/2017.

Hvammstanga, 8. nóvember 2018.

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri.